



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fjarlægingu hringtorgs við JL húsið

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 15. mars var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Uggur er í Seltirningum varðandi mögulegar breytingar í sambandi við hringtorgið í Vesturbæ við JL húsið og að setja eigi svo kölluð T gatnamóta. Ef úr verður, verður ekki lengur hægt að taka vinstri beygju frá vesturenda JL-hússins, Hringbrautar 121 inn á Eiðsgrandann í Vesturátt út á Seltjarnarnes. Flokkur fólksins spyr hvort ekki eigi að ræða við Seltirninga um útfærslur og áhrif þeirra. Hér er einmitt mál af þeirri stærðargráðu að hafa á samráð eða eiga samtál við nágrennasveitarfélag? Vegagerðin er með þetta mál enda þjóðvegur í þéttbýli. Borgin er vissulega með skipulagsvaldið.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 19. apríl sl.

Svar:

Engin ákvörðun hefur verið tekin um að fjarlægja hringtorgið við JL húsið. Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 8. mars síðastliðinn voru lagðar til breytingar á göngupverun yfir Ánanaust og ný gönguljós yfir Eiðisgranda við gatnamótin. Markmið breytinganna er að bæta umferðaröryggi og aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda. Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun, sem varð tilefni fjölmiðlaumræðu í kjölfarið:

Við samþykjum til bráðabirgða tillögu um bætt ljósastýringu og göngupverun við gatnamót Hringbrautar og Ánanausta. En betur má ef duga skal. Íbúðum fjölgar mikið á svæðinu næstu misseri. Hringtorgið og næsta nágrenni þess er afleitt og beinlínis hættulegt fyrir fótgangandi vegfarendur. Umferðin á þessum stað er of hröð og hættuleg. Æskileg væri að fækka akreinum með fram ströndinni og breyta hringtorginu í klassísk ljósastýrð T-gatnamót.

Eins og áður segir hefur engin ákvörðun verið tekin um slíkar breytingar en þær yrðu alltaf unnar sem samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar í samráði við hagaðila þar á meðal Seltjarnarnes.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri